


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	LIM103	
	Vor 2015	

Kennari	Arna G. Valsdóttir	arna@vma.is	Sk.st.	AVA
----------------	--------------------	-------------	---------------	-----

Fundartími kennara: Föstudagur kl. 10:00 – 10:40 Kennarastofa listnámsbraut



Áfangalýsing:

Nemendur kynna sér fagurfræðilegar og hugmyndalegar forsendur lista og hvernig þróun þeirra tengist breytingum samfélagsins. Hvernig trúarbrögð, tæknilegar nýjungar, þróun í vísindum, efnafræði og stjórnmálum hafa áhrif. Hvernig listin breytist og nýjar stefnur taka við hver af annarri í einni keðjuverkun. Hvernig listirnar, bókmenntirnar, tónlistin, leiklistin, dansinn, hönnun umhverfis, hafa áhrif hvert á annað. Áhersla er lögð á að nemendur kynni sér íslenskar sjónlistir og hvernig þróun og víxlverkun listgreina og samfélags móta þann nútíma sem við lifum í.

Kennsla:

Fyrirlestrar, umræður, vettvangsheimsóknir, hópavinna og einstaklingsverkefni. Hóparnir, eða hver nemandi fá verkefni sem tengjast viðfangsefni áfangans og skila verkefnamöppu. Þá fá nemendur hver og einn eða í hóp þjálfun í að kynna fyrir hvert öðru viðfangsefnið, setja það fram með einhverjum þeim hætti sem þeir ákveða.

Kennsluaðferðir:

Fyrirlestrar, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, leitarnám og vettvangsferðir.

Kennslugögn:

Bækur, myndbönd, glærur, litskyggjur, internet. Nemendur þurfa að hafa með sér í tíma glósu/skissubók og skrifffæri í ýmsum litum.

Áætlun um yfirferð:

Í upphafi áfanga eru hugtökin “Listir” og “Menning” skoðuð og borin saman, og unnin tímaverkefni. Í kjölfarið er Menningarsagan skoðuð með áherslu á hinar fjölmörgu listgreinar, tengsl þeirra hver við aðra og við samfélagið á hverjum tíma. Unnin eru leitarnámsverkefni og verkefni út frá 3 gestafyrirlestrum þar sem veitt er innsýn í ólíka heima menningarinnar.

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	LIM103 Vor 2015	

Gestafyrirlestrar:

Nemendur mæta á 3 gestafyrirlestra á vorönn 2015. Hver fyrirlestur stendur sem nemur einni kennslustund og fá nemendur frí í tíma á móti. Nemendur skila einstaklings eða hópverkefni eftir hvern fyrirlestur.

Fyrirlestrar vor 2015:

Fyrirlestrarnir eru í Ketilhúsinu í Listagili á þriðjudögum kl. 17.00

27. janúar - Eiríkur og Hjörleifur - Hundur í óskilum

17. febrúar - Margeir DIRE - Myndlistarmaður

17. mars - María Dýrfjörð - Grafískur hönnuður.

Skil:

Nemendur vinna í glósu/skissubók, sem er skilað í lok annar. Nemendur vinna tímaverkefni í hópum sem þeir kynna í tímum og þeir skila fjórum stærri verkefnum sem unnin eru út frá gestafyrirlestrunum.

Námsmat:

Próflaus áfangi, símat. Gefið er fyrir ástundun, virkni í tímum, glósu/skissubók, einstaklings og hópaverkefni og flutning á tímaverkefnum.

Vægi námsþátta:

Ástundun og virkni í tímum 10%

Verkefni út frá gestafyrirlestrum 36%

Leitarnámsverkefni 14%

Glósubók 30%

Tímaverkefni 10%

Með fyrirvara um breytingar

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils